



Upplýsinga- og tæknimennt 6. bekkur 2024-2025

„Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Tæknifærnin felur m.a. í sér getu til að nýta ýmis tæki, tæknibúnað og fjölbreyttar úrvinnsluleiðir, tæknilæsi að nýta tækjabúnað til að afla sér þekkingar og miðla henni, upplýsingalæsi felur í sér hæfni í að afla, flokka og vinna úr upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt og miðlalæsi felur í sér hæfni til að greina, ná í, meta og búa til miðlaskilaboð“ (Aðalnámskrá grunnskóla 2013, bls. 125). Í upplýsinga- og tæknimennt er unnið með upplýsinga- og miðlalæsi, sem þverfaglegt námssvið.

Kennsluaðferðir

Margvíslegar kennsluaðferðir svo sem bein innlögn kennara og sýnikennsla, kennari leggur áherslu á þekkingu og efnistöku til að hjálpa nemendum að leita lausna og vinna með ýmsum aðferðum bæði í einstaklings og samvinnu. Áhersla er lögð á ábyrgð nemenda á eigin námi og áhuga á því sem við er að glíma. Markmiðið er að þeir skapi og þrói með sér þekkingu í samstarfi við kennara og samnemendur sína. Með þverfaglegri samvinnu við ýmsar námsgreinar og námssvið, notkun fjölbreyttra námsgagna og tækni er komið til móts við þarfir nemenda með hliðsjón af áhugasviði þeirra og getu.

Námsefni

Nemendur kynnast upplýsingatækni- og miðlun og þeim vinnuaðferðum og hugtökum sem henni tengjast. Þeir nota rafrænt námsefni/forrit til stuðnings við vinnutækni og vinnulag bæði í Google Chrombook og iPad spjalddölvum. Áhersla er lögð á að kynna fyrir nemendum aðferðir við öflun, úrvinnslu og miðlun upplýsinga í tengslum við annað nám. Nemendur læra á Google verkfærin, Google skjöl, skyggjur og Googel drive. Google Classroom er notað til að halda utan um verkefni nemenda. Ýmis forrit eru notuð til að ýta undir sköpunargleði nemenda, eins og vinna með grænskjá, kvikmyndavinnslu og upptöku. Nemendur eiga að temja sér að góð samskipti á netinu og gera sér grein fyrir ábyrgð og virðingu.

Námsmat

Áhersla er lögð á leiðsagnarnám og byggist námsmatið á virkni nemandans og þeirri afurð sem unnið er með. Margvísleg verkefni nemanda eru metin, svo sem framsögn, fyrirlestrar, kynningar, ritsmíð, stafræn miðlun með hljóð og mynd eða öðrum hætti. Hæfniviðmið í upplýsinga- og tæknimennt eru sett fram í fimm flokkum, vinnulag og vinnubrögð, upplýsingaöflun og úrvinnsla, tækni og búnaður, sköpun og miðlun og siðferði og öryggismál. Í námsferlinu er metin hæfni nemandans til að afla upplýsinga, ígrundunar, sjálfstæðis í vinnubrögðum og ábyrgðar á eigin námsframvindu.

Kennarar: Alda Ólafsdóttir og Hjalti Einar Sigurbjörnsson